

Tillaga til 474. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl 2021

Tillaga frá 1146. fundi bæjarráðs, sem fram fór 22. mars 2021, um að bæjarstjórn samþykki umsókn Bæjartúns hses. um 12% stofnframlög vegna byggingar almennra íbúða í Ísafjarðarbæ, á Flateyri, á Suðureyri og á Þingeyri, í samræmi við umsóknargögn og minnisblað sviðsstjóra.

Auk þessa tillaga um að samþykkja viðauka 2 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2021 vegna málsins.

2. Umsókn um stofnframlag - Bæjartún hses. - 2021020097

Lögð fram uppfærð umsóknargögn vegna umsóknar Bæjartúns hses. um stofnframlög vegna byggingar almennra íbúða í Ísafjarðarbæ, á Flateyri, á Suðureyri og á Þingeyri.

Jafnframt lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 19. mars 2021, varðandi 12% stofnframlag Ísafjarðarbæjar, þar sem lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til þess hvort veita eigi stofnframlag til ofangreindra verkefna, með fyrirvara um samþykki HMS.

Auk þess lagður fram viðauki 2 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2021 vegna málsins.

- Verkefni 1: Bæjartún Hses Þingeyri

Stofnframlag 12% af byggingakostnaði, 14.627.433. 50% greiðist við upphaf eða 7.313.717,-. Gatnagerðargjöld, byggingaleyfisgjöld og mæla- og tengigjöld eru áætluð 6,1 m.kr. og koma til greiðslu strax. Áætlað útgreitt á árinu 2021 er því um 1,2 m.kr.

- Verkefni 2: Bæjartún Hses Flateyri

Stofnframlag 12% af byggingakostnaði, 10.952.947. 50% greiðist við upphaf eða 5.476.474,-. Gatnagerðargjöld, byggingaleyfisgjöld og mæla- og tengigjöld eru áætluð 4,6 m.kr. og koma til greiðslu strax. Áætlað útgreitt á árinu 2021 er því um 883 þ.kr.

- Verkefni 3: Bæjartún Hses Suðureyri

Stofnframlag 12% af byggingakostnaði, 11.014.147. 50% greiðist við upphaf eða 5.507.074,-. Gatnagerðargjöld, byggingaleyfisgjöld og mæla- og tengigjöld eru áætluð 4,6 m.kr. og koma til greiðslu strax. Áætlað útgreitt á árinu 2021 er því um 913 þ.kr.

Heildar útgreitt áætlað á árinu 2021 vegna verkefnanna þriggja er 2.981.728,- Auknar tekjur á árinu 2021 nema kr. 15.325.537,-. Eignfært stofnframlag meðal langtímakrafna nemur kr. 18.297.265,- á árinu 2021.

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu í bæjarstjórn.